

SAMÞYKKTIR FYRIR

ATVINNUMÁLASJÓÐ FLJÓTSDALSHÉRAÐS - FJÁRAFL

1. gr.

Nafn, lögheimili og varnarþing

1.1 Atvinnumálasjóður Fljótshéraðs-Fjárafli er sjálfstæður sjóður í eigu sveitarfélagsins Fljótshéraðs. Í samþykktum þessum er Atvinnumálasjóður - Fjárafli hér eftir nefndur sjóður.

1.2 Lögheimili sjóðsins er á aðalskrifstofu sveitarfélagsins Fljótshéraðs hverju sinni, nú að Lyngási 12. Varnarþing er á Egilsstöðum.

2.gr.

Umsjón og ábyrgð

Yfirumsjón sjóðsins er í höndum bæjarstjórnar Fljótshéraðs, sem skipar honum stjórn samkvæmt samþykktum þessum. Stjórn sjóðsins hefur fullt forræði yfir rekstri sjóðsins og ber stjórnunarlega ábyrgð á allri starfsemi hans. Ábyrgð sveitarfélagsins skal ávallt vera innan þeirra marka sem kveðið er á um í 73.gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og með síðari tíma breytingum.

3.gr.

Hlutverk

Meginhlutverk sjóðsins er að efla atvinnutengda starfsemi og búsetu á Fljótshéraði í samræmi við stefnu sveitarfélagsins og samþykktir þessar.

Sérstaklega skal horft til starfsemi er eflir byggð í dreifbýli Fljótshéraðs.

4.gr.

Leiðir að markmiðum

Sjóðnum er ætlað að ná tilgangi sínum með eftirfarandi hætti:

- 4.1 Að halda utan um hluti Fljótshéraðs í undirfélögum eða fyrirtækjum sveitarfélagsins eftir því sem sjóðnum er falið.
- 4.2 Að fjármagna verkefni á vegum atvinnuálanefndar Fljótshéraðs svo sem í tengslum við aðgerðaáætlun atvinnustefnunnar.

- 4.3 Veita styrki til verkefna einstaklinga, fyrirtækja og stofnana er lúta að atvinnusköpun og atvinnuþróun, hagnýtum rannsóknum og framþróun annarra samfélagsþátta sem áhrif geta haft á atvinnustarfsemi og búsetu í sveitarfélaginu.
- 4.4 Veita áhættulán og skuldabréfalán sem innifalið geta breytirétt í hlutafé. Lánin skulu bundin við nýsköpunarverkefni á sviði vöruþróunar, sókn á nýja markaði, tækniyfirfærslu milli fyrirtækja eða stofnun sprotafyrirtækja.
- 4.5 Hlutfjárkaupum í fyrirtækjum sem eru til þess fallin að styrkja atvinnulíf sem fyrir er í sveitarfélaginu og/eða skapa ný störf sem auka atvinnumöguleika íbúa sveitarfélagsins.
- 4.6 Stofnfjárframlögum til samvinnufélaga og sjálfseignarstofnana sem hafa hlutverk er varðar hagsmuni íbúa, fyrirtækja eða stofnana í sveitarfélaginu.
- 4.7 Auk þess sem að framan greinir er sjóðnum heimilt að veita verkefnum fjárhagslegan stuðning með öðrum viðurkenndum aðferðum sem kunna að verða teknar upp og eru notaðar á árangursríkan hátt í öðrum opinberum sjóðum með sambærilegt hlutverk.

5. gr.

Tekjur

Tekjur sjóðsins eru eftirfarandi:

- a. Eigið fé sjóðsins 01.01.2010 er kr. 23.105.000-
- b. Framlag frá Fljótsdalshéraði sem samþykkt er við gerð fjárhagsáætlunar að tillögu stjórnar sjóðsins.
- c. Vextir og verðbætur af innistæðum og útlánnum sjóðsins.
- d. Arður af fjárfestingum sjóðsins.
- e. Aðrar tekjur sem sjóðurinn kann að afla með starfsemi sinni, hlotnast með öðrum umsömdum framlögum, gjöfum eða öðrum hætti.

6. gr

Fjárvarsla og ávöxtun

- 6.1 Varsla og ávöxtun á inneignum sjóðsins skal bundin við aðferðir sem fela í sér faglega og trausta fjárvörslu og viðurkenndar ávöxtunarleiðir með hóflegri áhættu.
- 6.2 Heimilt er að ávaxta allt að 20% af lausu fé sjóðsins með hlutfjárkaupum í arðvænlegum fyrirtækjum sem vistuð eru í sveitarfélaginu. Sama á við um fyrirtæki utan sveitarfélagsins ef þau hafa afgerandi og mikilvæg hagsmunatengsl við atvinnurekstur innan þess. Í framangreindum tilvikum skal áhersla lögð á að

sjóðurinn geti innleyst fjárfestinguna á starfstíma sínum og með ásættanlegri ávöxtun.

6.3 Sjóðsstjórn er heimilt að semja við banka, sjóði eða aðrar traustar fjármálastofnanir um vörslu á hluta eða öllu lausu fé sjóðsins.

7.gr

Stjórn

7.1 Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs skipar sjóðnum 5 manna stjórn og fimm manna varastjórn. Stjórn sjóðsins skulu vera aðalfulltrúar í atvinnumálanefnd.

7.2 Formaður stjórnar er jafnframt formaður atvinnumálanefndar.

8.gr.

Starfsreglur stjórnar

8.1 Einfaldur meirihluti stjórnar ræður ákvörðunum ef mál eru borin undir atkvæði í stjórninni.

8.2 Fjalli stjórn sjóðsins um fyrirgreiðslu eða önnur mál er tengjast stjórnarmönnum beint eða óbeint, svo sem með tengslum þeirra við umsækjendur eða þá aðila er sjá um rekstur hans eða fjárvörslu, skal viðkomandi stjórnarmaður víkja sæti þegar fjallað er um málið og varamaður taka sæti hans. Hæfi stjórnarmanna skal að öðru leyti metið á grundvelli 19. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998 og síðari tíma breytingum er fram kunna að koma og varða ákvæði 19. greinar.

8.3 Starfsmaður atvinnumálanefndar Fljótsdalshéraðs sér um daglegan rekstur sjóðsins.

8.4 Halda skal gerðabók um störf stjórnar og í hana skrifaðar skýrslur um málefni og ákvarðanir allra funda stjórnar og ársfundar. Fundaskýrslur skulu vera fullgild heimild um það sem fram fer á fundum stjórnar enda skulu þær samþykktar með undirritun allra viðstaddra stjórnarmanna í lok hvers fundar.

8.5 Stjórn skal móta verklags- og siðareglur fyrir sjóðinn og endurskoða þær með reglubundnum hætti. Reglurnar skulu vera í fullu samræmi við samþykktir þessar og taka á þáttum s.s. skipulagi stjórnarfunda, trúnaði, skyldum, vanhæfni, fagmennsku, óhlutdrægni, samstarfi, almannatengslum og kynningu á starfsemi, framtíðarsýn, stefnu og árangursmati.

8.6 Gerð og endurskoðun reikninga sjóðsins skal framkvæmd í samræmi við ákvæði 67. og 68. gr. gildandi sveitarstjórnarlaga og fylgja breytingum sem á þeim kunna að verða gerðar.

9. gr.

Úthlutunarreglur

Stjórn skal móta sjóðnum reglur um úthlutanir fjármuna skv. samþykktum þessum. Í þeim reglum skal meðal annars skilgreina eftirfarandi:

- Almenn skilyrði sem sett eru fyrir fyrirgreiðslu s.s. varðandi form umsóknar, verk- og fjárhagsáætlanir, viðskiptaáætlanir og önnur fylgigögn er stjórn telur nauðsynleg til að tryggja faglegt mat á umsóknum.
- Kröfur til umsækjenda og upplýsinga sem frá þeim koma.
- Kröfur um fjárhagslegan styrk umsækjenda og/eða staðfestingu á að heildarfjármögnun verkefnis sé tryggð með ásættanlegum hætti.
- Kröfur um stjórnunarleg áhrif í verkefnum, fyrirtækjum og stofnunum sem fyrirgreiðsla er veitt til og/eða upplýsingaskyldu þar til tilskildum markmiðum er náð í þeim verkefnum er stuðningur fá.
- Gildistíma á loforðum um fyrirgreiðslu og fyrirkomulag á útborgun fjárveitinga.
- Hámark og lágmark upphæða á styrkjum, lánnum og stofnfjárframlögum, hámark eignarhlutfalls og fjárhæðar hlutafjár í einstökum hlutafélögum auk annarra slíkra takmarkana ef þurfa þykir.

10. gr.

Ársfundur

10.1 Fyrir lok mars ár hvert skal sjóðsstjórn boða til ársfundar. Rétt til setu á ársfundi hafa fulltrúar í bæjarstjórn eða varamenn þeirra, stjórnarmenn sjóðsins og aðrir íbúar sveitarfélagsins. Fundinn skal boða sveitarstjórnarmönnum með tryggilegum hætti og með að lágmarki 10 daga fyrirvara. Ársfundurinn skal jafnframt auglýstur og vera opin fyrir íbúa sveitarfélagsins.

10.2 Á ársfundinum skal lagður fram og skýrður endurskoðaður ársreikningur sjóðsins, lögð fram og kynnt vönduð skýrsla um starfsemi hans á liðnu starfsári og áætlun um rekstur á næsta starfsári. Einnig skulu launakjör stjórnar kynnt á fundinum. Önnur mikilvæg mál er upp kunna að koma og varða starfsemi sjóðsins og eiganda hans skulu tekin fyrir á ársfundinum eða sérstökum eigendafundi sem á skal boða sveitarstjórn Fljótsdalshéraðs með að lágmarki viku fyrirvara.

10.3 Komi til úrskurðar mála með atkvæðagreiðslu á ársfundi skulu kjörnir fulltrúar í bæjarstjórn eða varamenn þeirra vera þeir einu sem hafa atkvæðisrétt. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður ákvörðunum ársfundum og eigendafundum nema þær varði endurskoðun á samþykktum skv. 12. gr. eða slit á sjóðnum skv. 13. gr. Stjórn sjóðsins og aðrir sem boðaðir eru á ársfundinn hafa málfrelsi og tillögurétt varðandi mál sem tekin eru fyrir.

11. gr.

Ábyrgð

Eigandi sjóðsins ber ekki ábyrgð á skuldbindingum og rekstri sjóðsins umfram það sem tilgreint er í stofnskrá þessari og landslög segja til um.

12. gr.

Endurskoðun

12.1 Bæjarstjórn og eða sjóðsstjórn er heimilt að leggja til endurskoðun á samþykktum þessum ef starfsaðstæður sjóðsins eða einstakar forsendur fyrir rekstri hans breytast.

12.2 Komi til endurskoðunar á samþykktunum skal leggja tillögu þar að lútandi fyrir ársfund sjóðsins og hún afgreidd þar að undangenginni umræðu.

13. gr.

Slit

a. Bæjarstjórn og eða sjóðsstjórn geta lagt fram tillögu um slit á sjóðnum ef forsendur fyrir rekstri hans bresta og ekki finnast leiðir til að endurskipuleggja rekstur hans með ásættanlegum hætti. Málsmeðferð slíkrar tillögu skal vera sú sama og ef um endurskoðun á samþykktum væri að ræða sbr. grein 12.

b. Við slit á sjóðnum skulu eignir hans renna í sveitarsjóð.

Samþykkt í bæjarstjórn Fljótshéraðs 17. febrúar 2010